

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Eyjafirði, 27. maí 2016

Efni: Umsögn Landssambands kúabænda um frumvarp til laga um breyt. á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum (búvörusamningar, búnaðarlagasamningur), 680. mál á 145. löggjafarþingi.

Búvörusamningar milli bænda og ríkisins eru hornsteinn íslenskrar landbúnaðarstefnu. Þeir samningar sem hér um ræðir voru undirritaðir af fulltrúum bænda og ríkisins þann 19. febrúar 2016, með fyrirvara um samþykki bænda í almennri atkvæðagreiðslu og samþykki Alþingis.

Helsta veganesti fulltrúa LK í samninganefndinni var ítarleg ályktun aðalfundar samtakanna árið 2015 um „*Áherslur og sanningsmarkmið búvörusaminga*“ sem er svohljóðandi:

Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn í Reykjavík 12.- 13. mars 2015, tekur undir þær áherslur sem lagðar eru upp í ályktun Búnaðarþings 2015 vegna gerðar nýrra búvörusaminga. Fundurinn leggur áherslu á að þegar í stað verði hafnar viðræður við ríkisvaldið um starfsskilyrði nautgripaæktar til að eyða þeirri óvissu sem uppi er í greininni.

Þar verði horft til eftirfarandi markmiða:

Að stefnt verði að samningi sem rammi inn starfsumhverfi greinarinnar til lengri tíma, að lágmarki 10 ára, þannig að bændur sjái sér fært að framkvæma og fjárfesta í greininni.

Að tryggð verði staða nautgripaæktarinnar sem eins af undirstöðu atvinnuvegum þjóðarinnar er keppt geti við aðrar atvinnugreinar og aðra valkosti um fólk, fjármagn og land.

Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, aukinni samkeppnishæfni og bættum kjörum bænda.

Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.

Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.

Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluástöðu í samræmi við auknar kröfur um aðbúnað og velferð gripa.

Að áhersla verði áfram lögð á heilnæmi afurða og kröfur til dýravelferðar í nautgripaækt.

Að tryggja öruggt framboð nautgripaafurða fyrir neytendur á hagstæðu verði.

Að skapa aðstæður til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum.

Að viðhaldið verði jákvæðri ímynd greinarinnar og afurða hennar.

Að tryggð verði staða lífrænnar framleiðslu nautgripaafurða og henni skapað ekki síðra starfsumhverfi en gerist í nálægum löndum.

Að takmarka eða banna innflutning dýraafurða sem eru framleiddar við lakari aðstæður og kröfur um aðbúnað, fóðrun og hirðingur en gerðar eru til innlendra framleiðslu.

Til að framangreindum markmiðum verði náð, er lögð áhersla á eftirfarandi leiðir:

Tollaumgjörð:

Samið verði um tollvernd til að tryggja samkeppnisstöðu innlendarar framleiðslu, hún verði í upphafi samnings ákveðin út frá breytilegri stöðu einstakra vöruflokka og tryggt að hún haldi verðgildi sínu.

Samningar um gagnkvæma tollkvóta komi því aðeins til greina, að tekið sé tillit til smæðar hins íslenska markaðar og umfangs innlendarar framleiðslu.

Verðlagning og úrvinnsla:

Á gildistíma nýs samnings verði horfið frá núverandi kvótakerfi og sama verð gildi fyrir alla innlagða mjólk.

Opinberri verðlagningu til bænda verði hætt, en opinber verðlagning verði áfram til staðar á vinnslu og/eða heildsölustigi, með það markmið að auka fjölbreytni, en tryggja jafnframt hagsmuni neytenda og bænda.

Tryggt verði með búvörulögum jafnt aðgengi bænda að markaði og þeim gert mögulegt að sameinast áfram í einu innvigtunar- og söfnunarfyrirtæki.

Samspil búvöru- og samkeppnislaga sé tryggt, þannig að bændum verði heimilt að koma sameinaðir fram gagnvart markaði. Þannig verði gert mögulegt að tryggja eðlilegt framboð mjólkurafurða, lágmarka kostnað við vinnslu, viðhalda eðlilegri birgðastýringu innanlands og hámarka afkomu af útflutningi.

Skýrðar verði þær leikreglur sem gilda eiga um úrvinnslu og sölu heima á búum kúabænda.

Stuðningskerfi:

Núverandi upphæðir stuðningsgreiðslna verði auknar og allir liðir þeirra verðtryggðir. Meginþungi þeirra verði áfram í formi framleiðslutengdra beingreiðslna og stuðli þannig að aukinni hagkvæmni framleiðslunnar, sanngjörnu vöruverði til neytenda og treysti tekjur bænda.

Beingreiðslur verði óbreyttar að umfangi frá því sem nú er og útfærðar með þeim hætti að þær tryggi jafnt og öruggt framboð mjólkur til vinnslu.

Gripagreiðslur verði áfram með svipuðum hætti, þær stuðli m.a. að fjölbreytni í búskaparháttum og styðji við áherslur um líffræðilegan fjölbreytileika.

Gert verði ráð fyrir auknum stuðningi ríkisins við eflingu þróunar- og kynbótastarfs í greininni.

Sótt verði á um aukin framlög sem stuðli að bættum aðbúnaði og velferð gripa í samræmi við auknar kröfur hins opinbera. Þar verði jafnframt gert ráð fyrir eðlilegri endurnýjun og nýliðun innan greinarinnar, bæði í mjólkur- og nautakjötsframleiðslu.

Sótt verði á um aukin framlög svo nautkjöt njóti stuðnings.

Við samningsgerðina verði lögð áhersla á að bændum verði gefin eðlileg aðlögun að breyttu fyrirkomulagi á samningstímanum.

Einnig var horft til *Stefnumörkun Landssambands kúabænda 2021* sem samþykkt var árið 2011. Helstu markmið þeirrar stefnumörkunar voru eftirfarandi:

- Að bæta afkomu kúabænda

- Að lækka framleiðslukostnað mjólkur
- Að breyta kvótakerfinu þannig að stuðningur ríkisins nýtist mjólkurframleiðslunni betur
- Að hámarka sölu mjólkurhráefnis og hámarka skilaverð til bænda
- Að jafna aðstöðu bænda og neytenda gagnvart markaði, óháð búsetu
- Að afla útflutningsmarkaða fyrir allt að 10-15% af heildarframleiðslu
- Að framleiðsla nautakjöts geti staðið sem sjálfstæð atvinnugrein, verið arðbær og tryggt neytendum aðgengi að úrvals vöru.

Auk þess sem að framan hefur verið talið, studdust fulltrúar bænda í samninganefndinni við niðurstöður Viðhorfskönnunar Landssambands kúabænda frá 2013, þar sem kallað var eftir viðhorfum bænda til framleiðsluáforma á komandi árum, fjárfestinga í framleiðsluástöðu, leiða sem styrkt gætu stöðu greinarinnar, stuðningsformi, framleiðslustýringu, kynbóta, bústærðar o.fl. atriða. Niðurstöðurnar voru kynntar á aðalfundi samtakanna á Egilsstöðum 2013. Þær helstu voru að meirihluti bænda hefði áform um að auka framleiðslu mjólkur og fjárfesta í framleiðsluástöðu, miða ætti framleiðslu f.o.f. við innanlandsmarkað og nýta eftir atvikum hagstæða erlenda markaði, draga úr kostnaði við framleiðslustjórnunina, án þess þó að gera neinar sérstakar breytingar á uppbyggingu framleiðslustjórnunar, stuðnings- eða verðlagningarkerfinu. Meirihluti svarenda taldi mikilvægt að taka upp takmarkanir á bústærð, þá helst með því að setja takmörk á stuðningsgreiðslur ríkisins.

Einnig var horft til niðurstaðna könnunar samtakanna frá 2014 þar sem spurt var út í framleiðsluástöðu kúabænda; aldur og stærð fjósa, endurnýjunar- og viðhaldspörf framleiðsluástöðu, rými hauggeymslna o.fl. Niðurstöður voru kynntar á Fagþingi nautgriparæktarinnar 2014. Þær helstu voru að endurnýjunarpörf fjósa er mikil, um helmingur svarenda taldi þörf á gagngerum endurbótum á uppeldisaðstöðu fyrir ungviði og geymslurými fyrir búfjáraþurð er of lítið á a.m.k. þriðjungi búanna.

Frá 2003 hefur LK tekið yfirlit yfir þróun á fjósgerðum og mjaltatækni annað hvert ár og gefið út í skýrsluformi á heimasíðu samtakanna. Nýjasta útgáfan er frá því í janúar 2016. Þar kemur m.a. fram að 60% mjólkurkúa er í lausagöngufjósum, það hlutfall var nálægt 20% árið 2003. Nú eru hefðbundin básafjós tæplega 300 talsins, en samkvæmt nýlegri reglugerð um velferð nautgripa, frá nóvember 2014, verður notkun á slíkum fjósum óheimil eftir 18 ár, í árslok 2034. LK hefur metið að kostnaður við endurnýjun þessara fjósa sé nálægt 20 milljarðar kr. Að mati samtakanna er lykilatriði að greininni verði sköpuð rekstrarskilyrði til að takast á við stórauknar kröfur um aðbúnað gripanna. Samninganefnd bænda lagði framangreind gögn einnig til grundvallar í samningavinnunni.

Í samkomulagi um framlengingu á samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, frá 28. september 2012 er að finna svofellda bókun:

Samningsaðilar eru sammála um, á grundvelli greinar 8.2 samningsins, að hefja vinnu við stefnumótun fyrir greinina með því markmiði að efla samkeppnishæfni og teysta afkomu hennar til lengri tíma. Til undirbúnings þessu verði skipaður starfshópur samningsaðila til að meta þá reynslu sem komin er af framkvæmd samningsins, þ.á.m. kostnaðarþróun í

greininni, áhrif kvótakerfisins og stöðu verðlagningar og tolla. Starfshópurinn skal skila niðurstöðu sinni í síðasta lagi 31. desember 2013.

Landssamband kúabænda ítrekaði óskir um skipan á starfshópi þessum í kjölfar framlengingar samningsins árið 2012. Skipan hópsins dróst hins vegar fram í apríl 2014 og varð því mun minna úr störfum hans en efni stóðu til og æskilegt hefði verið.

Í aðdraganda samninganna var haldin ítarleg kynning á stöðu viðræðna. Þegar sameiginleg stefnumörkun samningsaðila lá fyrir um miðjan nóvember sl. var kallaður saman fulltrúafundur LK, en hann sitja aðalfundarfulltrúar samtakanna. Í kjölfarið voru haldnir kynningarfundir í öllum landsfjórðungum. Fundirnir voru vandlega auglýstir, öllum opnir og á þá mættu ríflega 400 manns. Samningsdrög voru einnig kynnt á þeim aðalfundum aðildarfélaganna LK sem haldnir voru áður en samningar voru undirritaðir og síðan fullgerðir samningar að lokinni undirritun. Í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar um samningana var síðan farin sérstök fundaðerð til að kynna efni þeirra.

Atkvæðagreiðsla vegna samnings um starfsskilyrði nautgripæræktar hófst þann 7. mars sl. og atkvæði voru talin þann 29. mars sl. Á kjörskrá voru 1.244. Alls greiddi 881 atkvæði, eða 70,8% og féllu þau þannig að 74,7% bænda samþykktu samninginn en 23,7% greiddu atkvæði á móti samningnum. Auðir og ógildir atkvæðaseðlar voru 1,6%.

Samningur um starfsskilyrði nautgripæræktar var því **samþykktur af hreinum meirihluta kúabænda**. Að mati Landssambands kúabænda er það skýr og afgerandi niðurstaða.

Samningur þessi felur í sér stefnumörkun um breytingar á því kerfi sem verið hefur við lýði síðasta aldarfjórðung. Stefnt er að því að greiðslumark mjólkur fjari út á samningstímanum, bæði sem viðmiðun fyrir beingreiðslur og kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði. Kostnaður vegna framsals greiðslumarks hefur verið greininni mjög íþyngjandi á undangengnum árum. Samkvæmt niðurstöðum búreikninga voru fjárfestingar kúabænda í greiðslumarki á bilinu 25-35% af öllum fjárfestingum þeirra, allt frá aldamótum og fram yfir bankahrun. Ákvörðun um afnám kvótakerfisins árið 2021 verður þó ekki tekin fyrr en á árinu 2019, að undangenginni atkvæðagreiðslu meðal bænda. Stuðningsformi ríkisins er breytt og byggist á fleiri viðmiðum en áður. Samtökin vænta þess að stuðningur við fjárfestingar nýtist vel til að bæta aðbúnað búfjár og vinnuástöðu starfsfólks. Samið er um breytt fyrirkomulag við verðlagningu mjólkur. Þá er í samningnum tekinn upp með nýjum hætti stuðningur við framleiðslu á nautakjöti.

Að mati Landssambands kúabænda er afar mikilvægt að náðst hafi samningur um starfsskilyrði greinarinnar til næstu 10 ára. Vegna þess hversu framleiðsluferill nautgripæræktarinnar er langur, skiptir miklu máli að greinin hafi möguleika að horfa til langs tíma. Fjárhagsrammi samningsins helst svipaður frá því sem nú er, jafnframt sem stuðningurinn er að stærstum hluta greiddur út á framleiðslu afurða eins og lagt var upp með í ályktun aðalfundar LK 2015 vegna búvörusamninga. Samtökin lýsa ánægju með að stuðningskerfið nái nú einnig til framleiðslu nautakjöts. Þá er mikilvægt að í samningnum er að einhverju leyti komið til móts við þann gifurlega kostnað, sem sú leið sem stjórnvöld ákváðu að farin yrði við endurnýjun á erfðafni holdanautastofnanna, leiðir af sér.

Á þessum tímamótum stendur nautgriparæktin frammi fyrir margvíslegum áskorunum. Undanfarin ár hefur markaður hér á landi fyrir nautgripaafurðir stækkað hratt og líkur standa til að sú þróun haldi áfram. Á gildistíma núverandi samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu hefur t.d. sala mjólkurafurða á fitugrunni aukist um þriðjung, úr 100,8 milljónum lítra í 133,7 milljónir lítra. Til að fullnægja innlendum markaði fyrir nautgripakjöt, þyrfti framleiðsla þess að aukast um fjórðung, að lágmarki. Það er áfram megin verkefni íslenskra nautgripabænda að sinna innlendum markaði fyrir gæða afurðir á hagstæðu verði.

Kröfur samfélagsins um bættan aðbúnað og velferð gripanna, ásamt væntingum nýrra kynslóða bænda um betri og nútímalegri vinnuaðstöðu, krefjast mikilla fjárfestinga á komandi árum. Til að fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir þeim fjárfestingum, er mikilvægt að stuðningur samfélagsins við greinina nýtist starfandi bændum betur en áður.

Þær breytingar sem verið er að gera á starfsumhverfinu eru þær mestu í þrjá áratugi. Þær verða innleiddar í skrefum á fyrri hluta samningstímans. Í samningnum eru einnig öflugir varnaglar, fari svo að mál þróist á annan veg en stefnt er að. Eru endurskoðunarákvæðin árið 2019 og 2023 þar lykilatriði. Ákvæði samningsins um samstarf við úrvinnslu og markaðssetningu mjólkurafurða er afar mikilvægt, sem og viðurkenning á mikilvægi tollverndar mjólkurafurða. Staða smærri vinnsluaðila í mjólkuriðnaði og aðgengi þeirra að hráefni er jafnframt tryggt.

Með nýjum samningi um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar opnast fyrir ný tækfæri og nýjar lausnir, sem mikilvægt er að nýta í þágu greinarinnar og þeirra sem hana stunda.

Athugasemdir við einstök atriði

Verðlagning

Opinber afskipti af verðlagningu mjólkur eiga sér mjög langa sögu, allt aftur til fjórða áratugs síðustu aldar. Að mati Landsambands kúabænda er afar mikilvægt að þróa fyrirkomulag á verðlagningu mjólkur að breyttum tímum og því fyrirkomulagi sem þekktist í öðrum greinum. Þrátt fyrir að eldra fyrirkomulag hafi skilað bændum og neytendum miklum ávinningi, eins og rakið er í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ frá júní 2016, var mjög óheppilegt er verðlagning mjólkur var í óvissu langtímum saman. Mikilvægt er að slík staða skapist ekki aftur.

Ákvörðun tekjumarka á sér orðið nokkra sögu á raforku- og fjarskiptamarkaði og virðist ríkja bærileg sátt um það fyrirkomulag. Að mati samtakanna er einnig afar mikilvægt að staða smærri úrvinnsluaðila sé tryggð með aðkomu óvilhallra aðila að ákvörðun á verði mjólkur til frekari úrvinnslu. Slíkt fyrirkomulag eykur fjölbreytni og vöruúrval. Að mati LK er einnig mikilvægt að vöktun Hagstofu Íslands á afkomu greinarinnar verði eflað verulega, samhliða þróun á nýju verðlagningarfyrirkomulagi.

Til að mjólkurframleiðsla hér á landi fái þrífist til framtíðar, er frumskilyrði að aðstaða bænda gagnvart markaði sé jöfn, óháð búsetu þeirra. Samtökin leggja því þunga áherslu á að samstarf í mjólkuriðnaði verði heimilt, hér eftir sem hingað til. Breytingar þær sem lagðar eru til í 41. gr. frumvarpsins að gerðar verði á 71. gr. búvörulaga eru til þess fallnar að ógna þessari heimild. Því leggja samtökin til þá breytingu að málslíður 41. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: „Heimild þessi tekur ekki til mjólkurafurða sem falla undir gildissvið samningsins um Evrópska efnahagsvæðið“.

Tollvernd

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að magntollar á mjólkur- og undanrennudufti og ostum verði færðir til sama raunverðs og gildi í júní 1995, við gildistöku GATT-samninganna. Magntollar hefur verið óbreytt krónutala frá þessum tíma og hefur hann því rýrnað verulega í verðbólgu undanfarinna tveggja áratuga. Í júní 1995 var vísitala neysluverðs 172,3 en í dag eru hún 433,7. Hækkun verðlags á þessum tíma er því rúm 150%.

Undanfarna 12 mánuði er sala innanlands á mjólkur- og undanrennudufti og ostum um 6.800 tonn. Til framleiðslu þessara afurða þarf tæplega 70 milljónir lítra af mjólk, helming innlendrar framleiðslu eða sem svarar framleiðslu rúmlega 300 meðal kúabúa. Til að setja þann fjölda í samhengi, þá jafngildir þetta framleiðslu allra kúabúa á svæðinu frá Dölum, vestur á Firði, austur um Norður- og Austurland og suður í Hornafjörð. Áframhaldandi rýrnun á tollvernd setur þessa framleiðslu í uppnám.

Með samningi þeim sem undirritaður var 17. september 2015 um gagnkvæm viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og ESB, var samið um stórauðna tollfrjálsa innflutningskvóta hingað til lands. Á móti fær Ísland stærri útflutningskvóta til landa ESB, einkum á skyri. Í samningnum var meginreglan sú að samið var um kg á móti kg, og þar með í engu tekið tillit til mismunandi stærðar markaða. Árleg mjólkurframleiðsla aðildarríkja ESB er um 150 milljónir tonna, eða um 1.000 sinnum meiri en hér á landi. Nautakjötsframleiðslan hlaut þó enn harkalegri meðferð í tollsamningnum; þar var einungis samið um stórauðinn innflutningskvóta, en engan útflutningskvóta. Samningurinn mun því án vafa hafa víðtæk áhrif á innlenda búvöruframleiðslu á komandi árum.

Í ljósi þessa leggur Landssamband kúabænda þunga áherslu á að breytingar á tollalögum nr. 80/2005 nái fram að ganga, þannig að sú tollvernd sem eftir stendur, haldi gildi sínu.

Svo sem að framan greinir, samþykkti meirihluti bænda samning um starfsskilyrði nautgriparæktar í atkvæðagreiðslu. Þar með er afgreiðslu samninganna lokið á vettvangi kúabænda. **Landssamband kúabænda leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, að frátalinni breytingu á 41. gr. frv.**

Landssamband kúabænda væntir þess að fá tækifæri til að fylgja umsögn sinni eftir á fundi með háttvirtri atvinnuveganefnd Alþingis.

Virðingarfyllst,



Baldur Helgi Benjamínsson

Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.